



Sveitarstjórn Blönduósbæjar - 12. fundur  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 9. júní 2015  
og hófst kl. 17:00.

## Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, forseti  
Guðmundur Haukur Jakobsson, aðalmaður  
Gerður Beta Jóhannsdóttir, varamaður  
Zophonías Ari Lárusson, aðalmaður  
Hörður Ríkhartsson, aðalmaður  
Oddný María Gunnarsdóttir, 2. varaforseti  
Harpa Hermannsdóttir, varamaður  
Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri

**Fundargerð ritaði:** Auðunn Sigurðsson, fundarritari

## Dagskrá:

### 1. Ársreikningur Blönduósbæjar 2014 - síðari umræða - 1506007

Forseti lagði fram bókun á sveitarstjórnarfundi 9. júní 2015:

„*Rekstrartekjur Blönduósbæjar árið 2014 námu 790,1 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta sem er 2 millj. kr. hærri tekjur en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Tekjur samstæðunnar hækka um 35 millj. á milli ára sem gerir um 4,5% hækkun tekna en útgjöld hækka um 81 millj. eða um tæp 12%. Skýringuna má rekja að mestu leyti til kjarasamninga á síðasta ári. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 23 millj. kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta er neikvæð um 7 millj.kr. Skuldir og skuldbindingar samtals eru 1.139.034 þús.kr. í árslok 2014 en voru 1.151.951 þús.kr. árið á undan. Tekin voru ný langtímalán að upphæð 40,0 millj.kr. Afborganir langtímalána ársins 2014 voru 77 millj.kr. Eigið fé samstæðunnar um síðustu áramót var 606.366 þús.kr. Skuldahlutfall Blönduósbæjar fer lækkandi úr 152,5% í 144% í árslok 2014 en skuldaviðmið samkvæmt reikningsskilareglum er 131% miðað við 139% árið á undan. Sveitarstjórn vill þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir góð störf á liðnu ári.*”

Fulltrúar J-listans leggja fram eftirfarandi bókun:

“*J-listinn lýsir yfir vonbrigðum með niðurstöðu ársreiknings 2014. Þrátt fyrir að tekjur yrðu umfram áætlun og fjármagnsliðir undir áætlun er niðurstaðan neikvæð. Ber það vott um slæga fjármálastjórn og lélegt upplýsingaflæði að þessi niðurstaða skuli koma flutt upp á fólk, komið fram á sumar 2015.*”

Undir þetta rita Hörður Ríkhartsson, Harpa Hermannsdóttir og Oddný María Gunnarsdóttir.

*Að umræðum loknum bar forseti upp framlagða ársreikninga Blönduósbæjar fyrir árið 2014 og voru þeir samþykktir samhljóða með 7 atkvæðum.*



**2. Jafnréttisnefnd Blönduósbæjar - 4 - 1505006F**

*Fundargerð 4. fundar jafnréttisnefndar lögð fram til afgreiðslu á 12. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina.*

**2.01 1505005 – Farið yfir beinagrind að jafnréttisáætlun**

*Afgreiðsla 4. fundar jafnréttisnefndar staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.*

**2.02 1505004 – Farið yfir svar sveitarstjóra við erindi jafnréttisnefndar**

*Afgreiðsla 4. fundar jafnréttisnefndar staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.*

**3. Jafnréttisnefnd Blönduósbæjar - 5 - 1505010F**

*Fundargerð 5. fundar jafnréttisnefndar lögð fram til afgreiðslu á 12. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina.*

**3.01 1505005 – Jafnréttisáætlun Blönduósbæjar**

*Afgreiðsla 5. fundar jafnréttisnefndar staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.*

**3.02 1505004 – Fundartími jafnréttisnefndar**

*Afgreiðsla 5. fundar jafnréttisnefndar staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.*

**4. Byggðaráð Blönduósbæjar - 26 - 1505015F**

*Fundargerð 26. fundar byggðarráðs lögð fram til afgreiðslu á 12. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina.*

**4.01 1505020 – Fundargerð Hafnarsambands Íslands dags. 22. maí 2015**

*Afgreiðsla 26. fundar byggðarráðs staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.*

**4.02 1505021 – Stjórn SSNV dags. 13. maí 2015**

*Afgreiðsla 26. fundar byggðarráðs staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.*

**4.03 1505028 – Lokaskýrsla verkefnastjórnar um könnun á hagkvæmni sameiningar Hafisseturs og Laxaseturs Íslands**

*Afgreiðsla 26. fundar byggðarráðs staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.*

**4.04 1505026 – Útboð á slætti í Blönduósbæ**

*Afgreiðsla 26. fundar byggðarráðs staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.*

**4.05 Erindi frá G. Ágúst Péturssyni**

*Afgreiðsla 26. fundar byggðarráðs staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö*



atkvæðum.

**4.06 1505027 – Framkvæmdir við Blönduskóla**

Oddný María Gunnarsdóttir, fulltrúi J-listans, lagði fram eftirfarandi bókun undir þessum lið:

„Undirrituð átelur vinnubrögð við undirbúning breytinga í Blönduskóla, skort á upplýsingum til sveitarstjórnar og vanhugsaða verk- og kostnaðaráætlun, sem leiðir til útgjalda sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun og mögulega til ófyrirséðrar lántöku.“

Afgreiðsla 26. fundar byggðaráðs staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sex atkvæðum, Oddný María Gunnarsdóttir sat hjá.

**4.07 1505022 – Ársreikningur Félagsheimilis Blönduósbæjar ehf.**

Afgreiðsla 26. fundar byggðaráðs staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.

**4.08 1505024 – Erindi frá Torfæruklúbbi Suðurlands**

Afgreiðsla 26. fundar byggðaráðs staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.

**4.09 1505025 – Erindi frá skotveiðifélaginu Markviss**

Afgreiðsla 26. fundar byggðaráðs staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.

**4.10 1505009 – Umsókn um námsvist utan lögheimilis sveitarfélags**

Afgreiðsla 26. fundar byggðaráðs staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.

**5. Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar - 9 - 1506002F**

Fundargerð 9. fundar skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd lögð fram til afgreiðslu á 12. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar kynnti fundargerðina.

**5.01 150130 – Umsókn um byggingarleyfi að Garðabyggð 1**

Afgreiðsla 9. fundar skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.

**5.02 1504036 – Tiltektardagur**

Afgreiðsla 9. fundar skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.

**5.03 1505029 – Lög um mat á umhverfisáhrifum – Ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda í C-flokki í 1. viðauka**

Afgreiðsla 9. fundar skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.

**5.04 1505030 – Óheimilar auglýsingar meðfram vegum og annars staðar utan þéttbýlis**

Afgreiðsla 9. fundar skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar staðfest á 12. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2015 með sjö atkvæðum.

**5.05 1505009F – Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa – 1**



Afgreiðsla 9. fundar skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

**5.06 1506001F – Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa – 2**

Afgreiðsla 9. fundar skipulags-, umhverfis- og umferðarnefndar frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

**6. Viðauki við fjárfestingar 2015 – 1506008**

Sveitarstjórn Blönduósbæjar samþykkir eftirfarandi viðauka við áætlun fjárfestinga árið 2015:

Hækkun á framlagi vegna framkvæmda við Blönduskóla kr. 17.000.000. Samþykkt með 6 atkvæðum, Oddný María Gunnarsdóttir sat hjá.

Lækkun á framlagi vegna Aðalgata – klæðning kr. 1.300.000. Samþykkt með 6 atkvæðum, Oddný María Gunnarsdóttir sat hjá.

Lækkun á framlagi vegna félagsheimilis kr. 5.700.000. Samþykkt með 6 atkvæðum, Oddný María Gunnarsdóttir sat hjá.

Framlag vegna jarðarkaupa – Refsstaðir kr. 1.800.000. Samþykkt með 6 atkvæðum, Hörður Ríkharðsson sat hjá.

Framlag vegna tölvukaupa – Sveitarstjórn kr. 1.000.000. Samþykkt með 7 atkvæðum.

**7. Erindi stjórnar Róta, dags. 4.6.2015 – 1506009**

Sveitarstjórn samþykkir að veita eftirfarandi umsögn:

„Sveitarfélagið Blönduós gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að stjórn Róta bs. veiti jákvæða umsögn um að Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð hverfi út úr samstarfi á vettvangi Róta bs. um málefni fatlaðs fólks enda verði jafnframt tryggt að sveitarfélög á Norðurlandi vestra fái undanþágu frá lágmarksíbúafjölda þjónustusvæða skv. 4. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.“

**8. Kosningar – 1506010**

a) Kjör forseta sveitarstjórnar Blönduósbæjar.

Fram kom tillaga um Valgarð Hilmarsson. Tillagan var borin undir atkvæði og var samþykkt með 4 atkvæðum 3 sitja hjá.

b) Kjör 1. varaforseta sveitarstjórnar Blönduósbæjar.

Fram kom tillaga um Önnu Margréti Jónsdóttir. Tillagan borin undir atkvæði og var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

c) Kjör 2. varaforseta sveitarstjórnar Blönduósbæjar.

Fram kom tillaga um Oddnýju Maríu Gunnarsdóttur. Tillagan var borin undir atkvæði og var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

d) Kjör 3 aðalfulltrúa og 3 varafulltrúa í byggðaráð Blönduósbæjar.

Aðalmenn:

Zophonías Ari Lárusson af L-lista

Guðmundur Haukur Jakobsson af L-lista

Oddný María Gunnarsdóttir af J-lista,

Tillagan var borin undir atkvæði og var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.



*Varamenn:*

*Anna Margrét Jónsdóttir af L-lista,*

*Anna Margrét Sigurðardóttir af L-lista,*

*Hörður Ríkharðsson af J-lista.*

*Tillagan var borin undir atkvæði og var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.*

*Tillaga kom fram um Zophonías Ara Lárusson af L-lista sem formann*

*Var það samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða*

*Tillaga kom fram um Guðmund Hauk Jakobsson af L-lista sem varaformann*

*Var það samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum*

*Samþykkt að venjubundinn fundartími byggðarráðs skuli vera að jafnaði fyrsti og þriðji miðvikudagur í mánuði.*

## **9. Ákvörðun um sumarleyfi sveitarstjórnar – 1506011**

*Forseti bar upp tillögu um að sveitarstjórn taki sumarfrí frá 9. júní til 20. júlí 2015 og felur byggðaráði fullnaðarafgreiðslu mála á meðan. Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____